

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Helgi Grímsson, sviðsstjóri,
helgi.grimsson@reykjavik.is

Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnastjóri,
hannesfrimann@3h-radgjof.is

Reykjavík, 10. júní 2024

Umsögn Knattspyrnufélagsins Þróttar um skýrslu um uppbyggingu safnskóla í Laugardal

Á fundi skóla og frístundaráðs þann 13. maí sl. var samþykkt að óska eftir umsögnum um tillögu um nýjan unglingaskóla í Laugardal, sem fram komu í skýrslunni „Skóla- og frístundastarf í Laugardal – Undirbúningur framkvæmda“ (hér eftir *skýrslan*).

Knattspyrnufélagið Þróttur (hér eftir *Þróttur*) telur ýmsa möguleika liggja í hugmyndum um safnskóla fyrir unglingastig í hverfinu þó gæta verði að samráði við allt nærumhverfið við slíkar ákvarðanatöku. Möguleikar felast í tengingu skólans við íþróttafélög í Laugardal og með samþættingu milli starfsemi skóla og íþróttafélaganna má efla íþróttaiðkun og vinna gegn brottfalli.

Í skýrslunni segir að þrjár lóðir hafi verið tilgreindar af hálfu Reykjavíkurborgar sem valkostir ef ráðist verður í byggingu nýs unglingaskóla. Lóð 1 er staðsett norðan við Skautahöllina á félagssvæði Þróttar, svæði sem nefnt er Miðheimar (áður þríhyrningur). Lóð tvö er staðsett á horni Suðurlandsbrautar og Engjavegar og lóð 3 á bílastæði við Laugardalsvöll. Af skýrslunni og fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar með íþróttafélögum í hverfinu þann 24. maí sl. virðist einkum horft til lóðar 1.

Athugasemdir við forsendur skýrslunnar

Rangfærslur er að finna í skýrslunni. Í fyrsta lagi er á það bent að í lýsingu skýrslunnar á lóðinni segir að lóð 1 sé staðsett **við hlið** íþróttasvæðis Þróttar. Þetta er rangt. Lóð 1 er **hluti af** íþróttasvæði Þróttar. Með samningi Þróttar við Reykjavíkurborg frá 12. desember 1996 um flutning Þróttar úr Sæviðarsundi í Laugardal lét Reykjavíkurborg þrótti í té aðstöðu í Laugardal, sem fullnægja átti starfsemi félagsins til frambúðar, sbr. 2. gr. samningsins. Samkvæmt c-lið 3 gr. samningsins fékk Þróttur endurgjaldlaus afnot af nánar tilgreindum svæðum, svo lengi sem félagið starfaði í Laugardal. Í því ákvæði samningsins eru tilgreindir þrír æfingavellir, m.a. svæði milli skautasvells og Gervigrasvallar (Miðheimar) sem er lóð 1 skv. í tillögu borgarinnar að nýjum unglingaskóla. Rangt er því að tilgreina umrædda lóð sem „við hlið“ íþróttasvæðis Þróttar, þegar hún er raunar skýrlega innan þess svæðis, sbr. skýrt ákvæði samnings Þróttar við Reykjavíkurborg frá árinu 1996 sem er ótímabundinn, yfirlýsingu aðalstjórnar Þróttar frá 21. maí sl. og einróma ályktun aðalfundar félagsins sama dag. Það kom reyndar fram á fundi með fulltrúum borgarinnar 24. maí sl. að þessi fullyrðing í skýrslunni væri byggð á misskilningi, en engu að síður er mikilvægt að áréttta þetta atriði.

Í öðru lagi hefur Reykjavíkurborg engar heimildir til að einhliða taka til baka svæði sem Þróttur hefur ótímabundin endurgjaldlaus afnot af samkvæmt framangreindum samningi aðila frá 12. desember 1996. Þau samningsbundnu afnotaréttindi eru eingöngu bundin því skilyrði að Þróttur hafi áfram starfsemi í Laugardalnum, en engin breyting hefur orðið þar á frá því samningurinn var gerður og slík breyting er ekki fyrirsjáanleg í framtíð. Í 6. gr. samningsins segir enn fremur að verði það óhjákvæmilegt, að mati aðila samningsins, að breyta ákvæðum hans vegna breyttra aðstæðna í framtíðinni, skuli þess gætt að slíkar breytingar leiði „**ekki til lakari aðstöðu**“ fyrir Þrótt. Þróttur leggur áherslu á að á engan hátt er óhjákvæmilegt að mati félagsins að breyta ákvæðum samningsins, enda engar breyttar aðstæður fyrir hendi. Slíkt þyrfti jafnframt að grundvallast á sameiginlegu mati

beggja samningsaðila, þ.e. bæði félagsins og Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg getur ekki tekið ákvörðun um það einhliða.

Þróttur hefur samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg endurgjaldslausan afnotarétt af Miðheimum og engar forsendur eða breyttar aðstæður eru fyrir hendi sem heimila borginni að slíta eða breyta samningnum frá 1996. Þvert á móti er full ástæða til að bæta aðstöðu og athafnasvæði félagsins í ljósi fjölgunar iðkenda með þéttingu byggðar samhliða því að hverfið hefur yngst verulega undanfarin ár. Þannig hefur sú stefna Reykjavíkurborgar að fjölga mjög íbúum á félagssvæði Þróttar gert uppbyggingu á svæðinu bráðnauðsynlega en þeir knattspyrnuvelli sem nýlega hafa verið vígðir eru eingöngu byrjunin á slíkri uppbyggingu. Þær breytingar sem felast í fjölgun iðkenda hafa því leitt til þess að nú þrengir mjög að þeirri aðstöðu sem mælt er fyrir um í samningi frá 1996.

Þróttur telur sig, samkvæmt framangreindu, ekki knúinn til að láta lóðina Miðheima af hendi. Einhliða takmörkun Reykjavíkurborgar á afnotarétti Þróttar samkvæmt samningi félagsins við Reykjavíkurborg frá desember 1996 er enn fremur óheimil. Afnotaréttur Þróttar að lóðinni verður ekki skertur nema með samkomulagi Þróttar og Reykjavíkurborgar, þar sem ákvæðis 6. gr. samningsins frá 1996 væri gætt til hins ítrasta. Þannig þyrfti einkum að uppfylla það skilyrði að Þróttur mæti það svo að aðstaða félagsins hefði ekki orðið lakari í kjölfar breytinga á samningi aðila heldur þvert á móti batnað.

Skýrsla undirbúningshóps

Skýrslan er dagsett í nóvember 2023. Hún var birt 14. maí 2024 og kynnt í þróttafélögum á fundi 24. maí. Frestur til að skila athugasemdum var gefinn til 31. maí. Reykjavíkurborg, með alla sína embættismenn og fjölmennt starfslíð hefur því haft skýrsluna til meðferðar í hálf t. ár. Í þróttafélögum, sem fyrst og fremst eru rekin á starfi sjálfboðaliða, voru þó aðeins, í upphafi, veittir 15 dagar til viðbragða vegna skýrslunnar, þrátt fyrir að þar séu gerðar tillögur að umfangsmiklum og róttækum breytingum sem hafa gríðarleg áhrif á starfsemi þeirra. Óhjákvæmilegt er að átelja slík vinnubrögð og augljóst að mati Þróttar að ef ekki væri fyrir algerlega ótvíræð samningsákvæði samningsins frá 1996 væri þetta „samráð“ eingöngu til málamynda fyrir Þrótt sem hefði, án þessa samnings, enga stöðu til að sporna við gríðarlegri skerðingu á afnotaréttindum félagsins og aðstöðu.

Ekkert samráð var haft við í þróttafélög í Laugardalnum við gerð skýrslunnar og fram hefur komið að lítið samráð var haft við MÍR (Menninga- og íþróttasvið Reykjavíkur). Töluvert betra hefði verið, fyrir alla aðila, ef samráðs og samstarfs hefði verið leitað við vinnslu skýrslunnar, þannig að uppbygging gæti orðið á sem hagkvæmastan hátt og orðið sem flestum að gagni.

Á áðurnefndum fundi með í þróttafélögum hverfisins var bent á tvær aðrar mögulegar staðsetningar fyrir unglingskóla. Annars vegar á svæði norðan Laugardalsvallar og hins vegar í tengslum við fyrirhugaða þjóðarhöll, norðaustan Laugardalshallar. Báðir kostir bjóða þó upp mikla möguleika í nýtingu húsnæðis og samþættingu við íþróttastarf í hverfinu og uppbyggingu frekari aðstöðu til að leysa brýnan vanda í þróttafélaganna og annarra á svæðinu. Kostirnir virðast ekki hafa komið til skoðunar að hálfu starfshópsins.

Aðstöðumál Þróttar

Reykjavíkurborg er, sem fyrr segir, óheimilt að skerða félagssvæði Þróttar einhliða. Að því sögðu er hugmynd Reykjavíkurborgar um þá einhliða skerðingu enn fremur mjög á skjön við núverandi aðstæður og margra ára baráttu Þróttar fyrir bættri aðstöðu, í takt við stærð félagsins og fjölda iðkenda. Samkvæmt 2. gr. samnings þess sem aðilar gerðu með sér í desember 1996 átti aðstaðan í Laugardal að fullnægja starfsemi félagsins til frambúðar. Þó svo að miklar úrbætur hafi verið gerðar á

aðstöðu félagsins til iðkunar knattspyrnu á undanfögnu ári, er aðstaða félagsins ófullnægjandi og þjónar ekki hagsmunum ört stækkandi félags.

- Í skýrslunni er nefnt að byggja upp íþróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla, en Þróttur telur mun hagkvæmari kost að byggja upp íþróttahús miðsvæðis og leysa þannig bæði vanda íþróttafélaganna vegna aðstöðuleysis fyrir inniþróttir og aðstöðuleysi skólanna í hverfinu. Margítrekað hefur verið bent á svæði/bílastæði vestan gervigrasvallar í þessu tilliti. Ekkert liggur fyrir um forgang Þróttar til aðstöðu í „nýrri Þjóðarhöll“ og viðblasandi að þar muni að óbreyttu vera um sama vandamál að ræða og plagað hefur allar inniþróttir Þróttar og Ármanns um áratugaskeið þess efnis að rekstraraðilar þeirrar íþrótt- og ráðstefnuhallar (sem Þróttur hefur enga aðkomu að) munu forgangsraða tekjuaflandi möguleikum fram yfir gólf tíma íþróttæfinga fyrir börnin í hverfinu. Þá telur Þróttur það vera kjörið tækifæri til að bæta algerlega ófullnægjandi aðstöðu til íþróttakennslu í öllum skólum Laugardals (Lauganes, Laugalækjar, Langholts- og Vogaskóla) en unnt væri að nýta slíkt íþróttahús í þeim tilgangi. Staðan er þannig nú vegna bágborinnar aðstöðu til íþróttakennslu, sbr. einnig yfirlýsingu frá aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Þróttar frá 28. febrúar 2022 að börn í hverfinu fá ekki íþróttakennslu sem uppfyllir skilyrði aðalnámskrár Menntavísindastofnunar.
- Til að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum um að vera heilsueflandi og setja börn og unglínga í forgang er nauðsynlegt fyrir borgina að tryggja jafnt aðgengi allra að skipulögðu íþrótt- og tólmstundastarfi. Þegar litið er til þeirrar uppbyggingar sem borgin hefur staðið fyrir, er mismununin þegar kemur að aðstöðu íþróttafélaga í Reykjavík hrópandi. Knattspyrnufélagið Þróttur hefur beðið í 70 ár eftir eigin íþróttahúsi og hefur undangengin 25 ár mátt þola að vera smám saman bolað út úr Laugardalshöllinni, sem átti að heita heimili félagsins fyrir inniþróttir. Á sama tíma hafa félög í Reykjavík sum hver haft fleiri en eitt hús til afnota. Samnýting aðstöðu með sérsamböndum og viðburðahöll sé fullreynd. Því vann félagið undanfarin ár með embættismönnum borgarinnar að hönnun og uppbyggingu íþróttahúss á bílastæði við Þróttarheimilið fyrir íþróttafélögin og skólanna í Laugardal. Bágborin íþróttaaðstaða barna og unglínga í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla, Vogaskóla og Langholtsskóla hefur, áratugum saman, gert það að verkum að börn hverfisins fá ekki íþróttakennslu í samræmi við aðalnámskrá. Það kom því íþróttafélögunum í Laugardal í opna skjöldu þegar þáverandi borgarstjóri Dagur B. Eggertsson tilkynnti að hætt yrði við fyrirhuguð áform um byggingu íþróttahúss á bílastæði við Þróttarheimilið, sem byggt yrði fyrir íþróttafélög og skóla sem þjóna ætti börnum og unglíngum. Ástæðan var að borgin ætlaði að nota þá fjármuni til uppbyggingar á Þjóðarhöll. Ákvörðun þáverandi borgarstjóra var í andstöðu við skýran vilja íbúa hverfisins og gerði samráð og samstarf fulltrúa borgarinnar og íþróttafélaganna undanfarin mörg ár að engu.
- Knattspyrnudeild félagsins er ein sú stærsta í Reykjavík og fullnýttir öll þau svæði sem félagið hefur til umráða. Þörf er á meiri og betri aðstöðu en ekki að takmarka hana.
- Miðheimar gegna mikilvægu hlutverki í mótahaldi félagsins, ReyCup international fyrir 3. og 4. flokk og Reycup vormóti fyrir iðkendur í 6.-8. flokki.
- Þá gegnir svæðið mikilvægu hlutverki undir æfingar, einkum æfingar yngstu iðkenda félagsins, þar sem að þetta svæði er það sem er fyrst tilbúið til notkunar á vorin. Ekkert rými er til skerðingar á aðstöðu til æfinga fyrir þennan hóp, heldur er raunar öllu heldur brýn nauðsyn á því að bæta aðstöðu til æfinga fyrir hópinn. Reynslan sýnir að umtalsvert brottfall er úr hópi yngstu iðkenda, sér í lagi að vetrarlagi og myndi yfirbyggt knattstúsi sem nýta mæti til æfinga að vetri gjörbreyta stöðu þessa hóps.
- Önnur aðstaða félagsins, búningaaðstaða og félagsheimili, er löngu sprungin. Búningaaðstaða hefur verið óbreytt frá aldamótum þótt iðkenda fjöldi hafi fimmfaldast frá

flutningi félagsins í Laugardal. Hefur félagið til að mynda ítrekað þurft að nota veislusal félagsins sem búningaaðstöðu.

Að lokum

Ef af byggingu safnskóla fyrir unglíngastig verður þá telur Þróttur rétt að horft sé heildstætt á aðstöðumál skóla og íþróttá í Laugardal. Nauðsynlegt er við undirbúning uppbyggingar sé haft samráð við hagaðila og horft sé til þess að samhliða séu leyst aðstöðumál ört vaxandi íþróttafélags sem hafa verið í biðstöðu í mörg ár. Tryggja þarf börnum og ungmennum viðunandi aðstöðu. Þróttur er reiðubúinn til að leita lausna með Reykjavíkurborg þannig að það fjármagn sem fer í verkefnið nýtist sem best. Þróttur mun ekki gefa eftir hluta af félagssvæði sínu.

F.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar

Bjarnólfur Lárússon,
formaður

Jón Hafsteinn Jóhannsson,
framkvæmdarstjóri.